



## Reglur vegna Vatnsveitu Flóahrepps

### 1. gr.

Sveitarstjórn Flóahrepps fer með stjórn Vatnsveitu Flóahrepps og innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Einnig er innheimt vatnsgjald og notkunargjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

### 2. gr.

Hver sá sem óskar eftir tengingu við Vatnsveitu Flóahrepps skal sækja um það skriflega. Heimæðargjald felur í sér stofngjald og tengigjald í samræmi við grein þessa. Stofngjöld í dreifbýli skal reikna sérstaklega í hverju tilviki og skulu þau fela í sér allan kostnað sem til fellur vegna lagningar heimæðarinnar.

Kostnaður við hverja tengingu fyrir sig er reiknaður og miðast stofn- og tengigjald hvorrar eignar við raunkostnað vegna lagningar heimæðar og tengingar. Áætlað tengigjald skal greiða fyrirfram áður en framkvæmdir hefjast.

Heimilt er að skipta greiðslum heimæðargjalda í þrennt en greiðslum skal veða lokið fyrir tengingu við Vatnsveitu Flóahrepps. Að verki loknu er gerður samanburður á áætlun og raunkostnaði og hver tenging gerðu upp samkvæmt því.

Skilyrt er að lagning heimæðar og tenging við hús sé framkvæmd af starfsmanni Vatnsveitu Flóahrepps.

Þar sem leggja þarf heimæð undir veg fellur allur kostnaður vegna þess á viðkomandi vatnstengingu.

### 3. gr.

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum, beitarhólfum eða óbyggðum lóðum í sveitarfélaginu sem tengdar hafa verið vatnsveitu sveitarfélagsins. Álagningarstofn gjaldsins skal vera 0,2% af fasteignamati eignar. Lágmarks- og hámarksálagning íbúðarhúsa ásamt vatnsgjaldi sumarhúsa skal ákveðið og samþykkt árlega af sveitarstjórn og birt í gjaldskrá vegna vatnsveitu 1. janúar ár hvert.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignagjalda og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

### 4. gr.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds. Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár á eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörun.

### 5. gr.

Reglur þessar eru samdar og samþykktar af sveitarstjórn Flóahrepps skv. 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

*Flóahreppi ?? desember 2022.*

---

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*